

Fundur í skólaráði 17.11. 2015

Mættir: Aðalsteinn, Elín S., Ragna, Thelma, Ögri, Embla, Jón B. og Þorgerður. Ellen ekki mætt.

1. Sjálfsmatsáætlun.

Jón leggur fram sjálfsmatsáætlun skólans til kynningar og umræðu. Sumt er reglulega á dagskrá yfir veturinn, annað einu sinni. Sem dæmi er verið að meta eftirfarandi; nemendur eru t.d. að taka Skólapúlsinn nokkrum sinnum yfir veturinn, könnum á líðan o.fl. Foreldrar og starfsmenn svara Skólapúlsinum einu sinni á ári. Eftir foreldraviðtöl á haustin er lögð fyrir könnun hjá kennurum um það helsta sem fram kom í viðtölunum. Samantekt er gerð úr þeim hluta starfsmannaviðtala sem ekki eru trúnaðarmál. Skólastarfið er metið að vori hjá starfsmönnum. Yfirlit um sjálfsmatsáætlunina er sett uppí skema með tímaás til að fá yfirsýn. Umræður um útkomu úr Skólapúlsinum og spurt hvort útkoman sé t.d. rædd við foreldra? Hvar sé t.d. hægt að sjá birtingu á útkomunni. Alltaf til umræðu á starfsmannafundi. Oftast sett fram á heimasíðu. Í vetur kom t.d. fram hjá foreldrum í 1.bekk að nokkrir treystu sér ekki til að sjá um heimanám hjá nemendum. Þetta var rætt við foreldra væntanlegra nemenda á kynningarfundum í vor. Fram kom í umræðunni hjá skólaráði að þetta sé trúlega angi af stærra vandamáli, s.s sambandsleysi vegna áreitiss frá nýjum miðlum, önnur forgangsröðun hjá foreldrum en að sinna börnum fyrst. Rætt um bakgrunn foreldra og hvort bakgrunnur og viðhorf hafi áhrif á gengi nemenda eða ekki.

2. Læsi og lestur.

Jón B. segir frá læsisátaki sem Reykjanesbær fór í undir stjórn Gylfa Jóns. Í Giljaskóla erum við byrjuð að skoða lestur og höfum í huga að fara svipaða leið og þar var gert. Akureyrarbær er einnig að standa fyrir vinnu við gerð skólastefnu Eyjafjarðar í læsi í samvinnu við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri.

Við Giljaskóla hefur verið ráðinn verkefnastjóri fyrir læisvinnuna. Hún heitir Sigríður Ingadóttir. Hún hefur ásamt kennurum hafið vinnu við að taka saman það sem verið er að vinna með í læsi og síðan verður gerð stefna og viðbragsáætlun þar sem þarf að grípa inní þegar ekki er verið að ná nægum árangri. Skólinn og einnig foreldrar verði að fara í agaðri vinnubrögð og eitt af því er að stjórnendur fari með kennurum í erfið mál. t.d. þegar ekki er verið að sinna þeim sjálfsagða heimalestri sem þarf til að nemendur nái árangri. Hvetja verður foreldra til að vinna með okkur með hagsmuni nemandans að leiðarljósi. Vitum um foreldra sem eru í uppgjöf varðandi nám barna sinna.

Byrjað hefur verið á a.m.k þremur lestrarsprettum á ári. Þannig verður byrjað að styrkja grunninn að lestrinum. Skólarnir á Akureyri ætla að skipta með sér verkefnum í þessari sameiginlegu vinnu og verður ritun okkar framlag. Við munum vinna með Naustaskóla og Hrafnagilsskóla.

Aðalsteinn spyr hvort lestrarkunnáttu sé að hraka. Jón segir að kannanir sýni að um 30% nemenda séu ekki að ná æskilegum árangri. Fulltrúar nemenda segja að þetta sé mjög mismunandi hjá þeim tveim. Ögri segist hætta að lesa bækur sem hann hefði þó gert mikið af fyrir nokkrum árum. Núna sé lesturinn aðallega af tölvum og styttri textum.

Embla segist enn lesa mikið af bókum því henni þykir það mjög gaman og segist detta inní heim lesturs við það. Aðalsteinn talar um að synd sé ef börn missi af þeirri töfraveröld sem lestur bóka gefur. Etv. er ekki nægur hraði á atburðum í bókum þannig að nemendur haldi áhuga. Embla og Ögri sögðu einnig að það vantaði bækur sem væru áhugaverðar. Kennslubækur eru líka þannig að þær halda ekki áhuga. Hægt að fara inná allskonar upplýsingavefi til að fá sömu upplýsingar sem bækurnar gáfu áður.

Aðalsteinn spyr um notkun á nýjum miðlum í kennslu. Rætt um að Námsgagnastofnun sé að koma með aukið efni á gagnvirku formi sem og Skólavefurinn sem við erum að fara í áskrift á. Notkun á Moodle-vefnum er að byrja t.d. í stærðfræði. Nemendur segja að viðmót Moodle sé ekki nógu áhugavekjandi. Einnig hafa verið unnin verkefni í gegnum Skype og Google doc. Töluvert um notkun á netinu t.d. í kennslu í tungumálum og samfélagsgreinum. Allir sammála um að lestur sé ekki síður mikilvægur nú en áður og verði með einhverjum ráðum að auka hann og styrkja. Varðandi aga kom fram að yngstu börnin koma óagaðri inní skólann en áður og eru óforskömmuð og frek. Virðast hafa komist upp með að stjórna of miklu, fá að velja allt of mikið sjálf, allt þarf að vera svo gaman. Þola alls ekki andstreymi eða fá verkefni sem eru erfið. Gefast allt of fjótt upp.

3. Fleiri verkefni í Giljaskóla.

Núvitund er nýtt verkefni í skólanum. Skemmtilegt verkefni sem skilaði árangri í fyrra. Í samvinnu við Háskólann á Akureyri var unnin könnun á árangri í kennslu í Núvitund á unglingastigi. Nemendur sögðust minna kvíðnir eftir kennsluna en fyrir hana.

Uppbygging hefur reynst okkur vel og betur gengur að ræða við nemendur með hana að leiðarljósi. Við suma gildir samt ekkert annað en stíf mörk.

Grænfáninn í hús eru komnar hænur til endurnýtingar á t.d. matarafgöngum. Verpa vel og eru eggín t.d. notuð í bakstur og morgunmat hjá starfsfólki. Ekki má nota eggín í mötuneyti nemenda. Líklega meiri gleði yfir hænunum hjá starfsfólki en nemendum.

Styrkur skólinn fékk styrk frá Landsbankanum að upphæð 250.000 kr. til lagningar göngustíga í grenndarskóginum niðri við árbakkann við Glerá.

4. Annað

Rætt um símanotkun nemenda sem getur verið vandamál. Eðlileg samskipti milli barna eru í hættu vegna þessa. Þau eru hætt að tala saman. Fram kom að þrátt fyrir bann við notkun síma í matsal, er of mikið að því að nemendur eru með símana uppá borðum og eru upptekin við að skoða þá fremur en að spjalla við sessunauta sína. Krakkar alltof mikið í símunum. Ekki eru allir kennarar nógu ákveðnir að famfylgja banni við notkun á símunum í kennslustundum og eru ákveðnir nemendur sífellt að laumast í þá.

Rætt um að banna alfarið síma ákveðna daga. Allavega þarf að taka ákveðnar á þessu.

Annað ekki skráð. Næsti fundur er með nemendaráði þann 8. desember.

Þorgerður

